



Stjórnarfundur UIA – 17. febrúar 2020. kl, 17.30

Mættir eru Auður Vala Gunnarsdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gassi Gunnarsson, á síma var Esther S. Sigurðardóttir.

Dagskrá

- *Fundargerð síðasta fundar.*

Samþykkt með smávægilegum lagfæringum.

- *Sambandsþing*

Sambandsþing UIA verður haldið á Seyðisfirði, mikið hefur verið talað um dagsetningar, mjög erfiðlega hefur gengið að finna dagsetningu sem gengur. Og nú stefnir stjórn á að nota 10 maí, svo framarlega að ekki verði gerðar athugasemdir en þetta er ekki samkvæmt reglum sambandsins. Þarf að fara að vinna í fjárhagsáætlun helst á næsta fundi, einnig þarf að fara að auglýsa eftir fyrirmyndafélagi, undirbúa smiðjur og fleira.

- *Verkefni sumarsins dags og fl*

Gassi hefur haft samband við Grétu Sóley hún stefnir á ferðalög næsta sumar en þakkar fyrir boðið. Gassa falið að senda inn auglýsingu fyrir sumarstarfsmann.

Gunnar stingur uppá að Gassi heyri í fólki þ.e bæði Hildi Bergs vegna Írana og í hjólafélkinu áður en endanleg ákvörðun verður tekin um Tour de Orminn

Ítalíu-verkefni

Stjórn samþykkti rafrænt í síðustu viku að senda þrjá til Ítalíu, en UIA barst bréf frá Ítölskum samtökum sem hljómaði vel og list stjórn vel á þetta verkefni.

- *Fundir æskulýðsvettvangs á Austurlandi*

Sema Erla Serdar og Auður Inga Þorsteinsdóttir heimsóttu austurland, byrjuðu á Djúpavogi fóru svo á Reyðarfjörð, Egilsstaði og Vopnafjörð. Umræður um að fá æskulýðsvettvanginn austur til að vera með námskeið, þurfum að ná betri árangri í upplýsa fólkið okkar um hvað er í boði innan vettvangsins. Gassa falið að heyra í Semu Erlu Serdar og athuga með tíma vegna námskeiða og kynningu.

- *Sprettur*

Endurskoðun úthlutunna reglna, ræddar og samþykktar. Næst er að senda þær til Alcoa til samþykktar hjá þeim og í framhaldi verður vonandi hægt að kynna þær á sambandsþinginu okkar.

- *Innsend erindi*

Umsókn um styrk frá UMF Einherja, stjórn vísar beiðninni frá sér, framkvæmdastjóra falið að ræða við Einherja um að þeir sækji um í Spretti. Ekki styrkhæft af stjórn UIA.

Umsókn frá fimleikadeild Hattar um þáttöku í kostnaði vegna námskeiðs þjálfara, hagar fyrir Hött að fá námskeiðin austur. 17 krakkar sem eru að sækja námskeiðin núna. Velt upp hvort þetta sé eitthvað sem Sprettur tekur á, en reglurnar hafa verið að hópur getur ekki sótt heldur bara einstaklingur og það er erfitt fyrir deildina. Stjórn samþykkir að gera athugasemd við umsóknina sem virkar frekar flókin og vísa umsókninni í Sprett. Umræða um hvort ekki sé rétt að stofna fimleikaráð UIA, rétt að kanna það þó því fylgi ekki stjórar fjárhæðir en ráðin hafa verið að fá um 100 þúsund á ári.

- Önnur mál.

- Auður Vala leggur til að skrifstofa UIA hafi fastan opnunartíma einu sinni til tvisvar í viku, þyrfti ekki að vera nema 1 til 2 klukkustundir í senn. Stjórn líst vel á hugmyndina og Gunnar formaður og Gunnar Gassi ætla að finna út úr þessu saman.

Fundi slitið kl:20

Fundagerð ritaði Pálína Margeirsdóttir